

Nefndasvið Alþingis,  
fjárlaganefnd  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir

Selfossi, 26. apríl 2017

**Efni: Umsögn um 402. mál, tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2020.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 25. apríl 2017 þar sem Matvælastofnun var sent framangreint mál til umsagnar. Stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri.

Á bls. 215 í fylgiskjali með tillögu til þingsályktunar er kafli 13 um sjávarútveg og fiskeldi. Þar er í 1. tl. um „Umfang“ fjallað um skiptingu málefnasviðsins í tvo málaflokka. Síðan kemur fram að: „Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis varðar stjórnsýslu Fiskistofu, nýtingu auðlinda hafs og vatna, vöktun og eftirlit stjórnvalda“. Hér vantar að geta þess að stjórnsýsla vegna fiskeldis er hjá Matvælastofnun, ekki Fiskistofu.

Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta þannig að setningin orðist þannig: „Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis varðar stjórnsýslu Fiskistofu **og Matvælastofnunar**, nýtingu ....“. Að öðrum kosti má ætla að það gæti haft áhrif á fjárveitingar til Matvælastofnunar á komandi árum, t.d. vegna fiskeldis, ef ekki er rétt farið með í fjármálaáætluninni.

Einnig er rétt að vekja athygli á að undir kafla 12 um landbúnað eru tilgreindar aðgerðir á bls. 213 og eiga sumar þeirra ekki síður við um sjávarútveg og fiskeldi í kafla 13. Þetta eru aðgerðir nr. 2, 3, 5 og 9 á bls. 213 sem varða matvælaeftirlit, dýraheilsu, fóður og rekjanleika. Þessar aðgerðir eru ekki tilgreindar á bls. 218 þar sem fram koma aðgerðir vegna sjávarútvegs og fiskeldis. Hafa ber þetta í huga við fjárlagagerð og afgreiðslu þessarar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu ára, því þessar aðgerðir varða allt framleiðsluferli á matvælasviði, jafnt fyrir afurðir lands, sjávar og eldis.

Fyrir hönd matvælastofnunar,



---

Jón Gíslason, forstjóri